



## FUNDARGERÐ BYGGINGANEFNDAR BÚÐARSTÍGS 22

10. fundur bygginganefndar um framkvæmdir að Búðarstíg 22 var haldinn 9. febrúar 2021 kl. 19,05 að Búðarstíg 22 og framhaldið að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka. Mætt var nefndin öll þau Árni Eiríksson, Eyþór H. Ólafsson, Eggert Valur Guðmundsson og Bryndís Eir Þorsteinsdóttir. Einnig var á fundinum safnstjóri Lýður Pálsson sem skrifaði fundargerð. Fundargerðin var færð í tölvu.

1. Staða framkvæmda. Bygginganefndin gekk um Búðarstíg 22. Undanfarna mánuði hefur verið unnið að viðgerðum á miðrými, norðurrými og skrifstofurými. Afþiljuð eru herbergi í miðrými. Unnið er að lagnavinnu og málningavinnu. Árvirkinn var lægstur í útboði raflagna og eru rafvirkjar komnir til starfa. Komin er áklæðning á eldri hluta hússins og verið að vinna að margvíslegum frágangi utanhúss. Framundan er að setja milliveggi í skrifstofurýmið. Verkið gengur vel og ekkert óvænt komið upp á. Verklok verða í apríl.

2. Fjárhagsleg staða. Safnstjóri lagði fram yfirlit um stöðu byggingareiknings og áætlun um endanlegan kostnað við framkvæmdir. Tekin hafa verið lán að upphæð 120 milljónir króna. Frá ríkissjóði koma 25 milljónir króna í þremur hlutum. Gert er ráð fyrir að fá endurgreiðslu af vinnu iðnaðarmanna að upphæð 10 milljónir króna til ársloka 2020. Frá 1. mars 2020 hefur verið framkvæmt fyrir 85 milljónir króna.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 20,10.

*Árni Eiríksson*  
**BRYNDÍS EIR ÞORSTEINSDÓTTIR**  
*Eggert Valur Guðmundsson*  
*Eyþór Ólafsson*  
*Lýður Pálsson*